

D ó m s o r ð:

Ákærður, Sigurður Axel Axelsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærður greiði Sparisjóði Hafnarfjarðar kr. 160.690,58 ásamt 2,5% vanskilavöxtum af kr. 99.916,51 og svo 2,5% vanskilavöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 160.690,58 frá 2. júlí til 1. sept. 1984 og 2,75% af sömu upphæð frá þeim degi til 1. febr. 1985, 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1985, 4% frá þeim degi til 1. júní 1985, 3,5% frá þeim degi til 1. sept. 1985 og 3,75% frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, hrl. Páls Arnórs Pálssonar, kr. 13.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. desember 1987.

Nr. 126/1987. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Benedikt Halldórssyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Líkamsárás. Sönnun. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 31. mars 1987 og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig að refsing verði þyngd. Jafnframt er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað, þ.m.t. saksóknarlaun í ríkissjóði.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu, en til vara vægustu refsingar, sem lög leyfa, og skilorðsbindingar. Jafnframt er krafist málsvarnarlauna fyrir Hæstarétti úr ríkissjóði.

Að frumkvæði Hæstaréttar fór fram framhaldsrannsókn og gáfu

Þá skýrslur hjá lögreglu Gunnar Frans Brynjarsson, Guðjóna Breiðfjörð, Guðmundur Helgi Önundarson, Margrét Erla Halldórsdóttir, Ómar Óskarsson og Skúli Sigurðsson. Þá voru lögð fram 2 áverkavottorð Stefáns Eggertssonar lækni, sérfræðings í háls-, nef- og eyrnalækningum. Ennfremur örorkumat varðandi Guðjónu Breiðfjörð gert af Birni Önundarsyni lækni og örorkutjónsútreikningar Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings. Dómdendur fóru í sumarhúsið að Klapparvör 6 í Grímsnesi ásamt saksóknara, skipuðum verjanda ákærða og rannsóknarlögreglumönnum, sem gerðu nýjan uppdrátt af neðri hæð bústaðarins og tóku þar ljósmyndir. Loks var lagt fram vottorð frá Sjómannafélagi Reykjavíkur þess efnis, að sumarhúsinu hefði ekki verið breytt eftir 1984.

Framhaldsrannsóknin beindist að því í fyrsta lagi að afla upplýsinga um ónefndan mann, sem tvö vitni kváðu hafa verið í sumarhúsinu að Klapparvör eftir að ákærði, Ómar Óskarsson og Skúli Sigurðsson, komu þangað aðfaranótt 27. maí 1985. Önnur vitni töldu sig muna eftir manni þessum, en ekki komu fram upplýsingar, sem nota mátti til að finna hann og fá skýrslu hans.

Þá gerðu vitnin grein fyrir því, hvar þau hefðu verið í sumarhúsinu á þeim tíma, sem saksóknari telur, að ákærði hafi veist að Guðjónu Breiðfjörð og Gunnari Frans Brynjarssyni. Þær upplýsingar leiddu síðan til þess, að vettvangsskoðun fór fram. Kom þá í ljós, að uppdráttur sá, sem lá fyrir sakadómi, var ekki réttur. Er nú ljóst, að framburðir vitnisins Guðmundar Helga Önundarsonar um það, hvar hann var í bústaðnum, geta samrýmst þeirri fullyrðingu hans, að hann hafi séð ákærða veitast bæði að Guðjónu og Gunnari Frans.

Fallast verður á það með héraðsdómara, að sannað sé, að ákærði hafi slegið Guðjónu Breiðfjörð í andlitið. Um það, hvað sannað sé í þessu dómsmáli um afleiðingar höggins, er þessa að geta: Vottorð Stefáns Eggertssonar, sem tekið er upp í héraðsdóm, er dagsett 12. febrúar 1986, en árásin var sem fyrr er fram komið aðfaranótt 27. maí árið áður. Ekki hefur verið fengin skýrsla heimilislækni Guðjónu eða annarra, sem kunna að hafa rannsakað hana. Í síðari vottorðum Stefáns Eggertssonar, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, eru ekki upplýsingar um neinar rannsóknir milli 27. maí 1985 og 23. janúar 1986 og ekki skýringar því til stuðnings,

að heyrnarskerðing Guðjónu sé af völdum áverka, sem ákærði hafi veitt henni. Í vottorðinu 7. janúar s.l. segir aðeins: „Það er nánast öruggt að þessi heyrnarskerðing er af völdum ofangreinds áverka og má reikna með að þetta verði varanlegt.“ Gögn þau sem fyrir liggja duga ekki til að í þessu máli sé sannað, að orsakasamband sé milli líkamsárásarinnar og heyrnarskerðingarinnar.

Fallast verður á það með héraðsdómara að sannað sé, að ákærði hafi slegið Gunnar Frans Brynjarsson á hægra gagnauga, svo að sprunga kom í gegnum beinið við neðri augabrún.

Með því atferli, er nú var lýst, hefur ákærði brotið 217. gr. almennra hegningarlaga, og verður hann sakfelldur fyrir það brot, enda málið flutt á þeim grundvelli eftir 118. gr. laga nr. 74/1974.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin 20 daga varðhald.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um bætur og sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar eins og nánar segir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Ákærði Benedikt Halldórsson sæti varðhaldi 20 daga.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um bætur til Gunnars Frans Brynjarssonar er staðfest, svo og ákvæði dómsins um sakarkostnað.

Ákærði greiði 20.000,00 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð og 30.000,00 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, svo og annan áfrýjunarkostnað að $\frac{2}{3}$ hlutum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. febrúar 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 11. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7, af Péttri Guðgeirssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 100/1987: Ákærvaldið gegn Benedikt Halldórssyni, sem dómtekið var samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 8. desember 1986 á hendur Benedikt Halldórssyni, Vesturhólum 13 í Reykjavík, fæddum 12. janúar 1956 þar í borg, „fyrir líkamsárás, með því að hafa

aðfaranótt mánudagsins 27. maí 1985 um kl. 04:00, er ákærði var gestkomandi í sumarbústað að Klapparvör 6 í Hraunborgum, Grímsnesi, slegið Guðjónu Breiðfjörð, Reynigrund 59, Kópavogi, hnefahögg sem lenti á vinstra eyra hennar. Síðan strax á eftir slegið Gunnar Frans Brynjarsson, Vogatungu 16, Kópavogi, hnefahögg á hægri gagnauga.

Afleiðingar líkamsárása þessara urðu þær að Guðjóna hlaut væga heyrnarskerðingu á vinstra eyra, sem reikna má með að verði varanleg, en Gunnar Frans hlaut sprungu í gegnum beinið við neðri augabrún.

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir:

Um hvítasunnuna 1985 dvaldist fólk í sumarbústaðahverfi í Hraunborgum í Grímsnesi. Í sumarbústað nr. 6 við Klapparvör voru fjórir unglingar, Gunnar Frans Brynjarsson fæddur 28. nóvember 1967, Guðmundur Helgi Öndurson, fæddur 6. október 1967, Guðjóna Breiðfjörð, fædd 10. september 1969 og Margrét Erla Halldórsdóttir, fædd 1. maí 1969.

Í sumarbústað nr. 12 dvöldu ákærði og þeir Skúli Sigurðsson, fæddur 13. maí 1964 og Ómar Óskarsson fæddur 18. febrúar 1963, auk eiginkvenna þeirra allra.

Aðfaranótt mánudagsins 27. maí sátu þeir ákærði, Skúli og Ómar við drykkju í bústað sínum. Þegar líða tók á nóttina fóru þeir í heimsókn í bústað nr. 6.

Vitnið Guðjóna Breiðfjörð hefur greint frá því að ákærði hafi verið ölvaður. Hann hafi farið á salernið og hafi þá virst í góðu skapi. Vitnið kveðst einnig hafa ætlað á salernið til þess að skola úr tusku og beðið eftir því að ákærði kæmi út. Þegar hann hafi komið út var eins og hann hefði umhverfst og hafi hann umsvifalaust slegið vitnið hnefahögg á vinstra eyrað og gengið rakiðis að Gunnari Frans Brynjarssyni, er setið hafi á borðstofuborði, og slegið hann hnefahögg á augað svo að Gunnar valt niður á gólf.

Vitnið segir að þessar árásir ákærða hafi komið á óvart og verið algerlega tilefnislausar.

Vitnið Gunnar Frans Brynjarsson hefur skýrt frá því að ákærði hafi verið talsvert ölvaður. Hann hafi brugðið sér fram á salernið og Guðjóna hafi beðið fyrir utan eftir því að komast þar að til þess að skola úr tusku. Þegar Benedikt kom út aftur hafi hann gengið beint til sín og slegið sig á hægri gagnaugað eitt högg svo að hann féll ofan af borðinu. Árás ákærða hafi verið algerlega tilefnislaus og komið sér á óvart. Vitnið kveðst hafa forðað sér yfir í annan bústað.

Þegar vitnið áráeddi að koma aftur var honum sagt að ákærði hefði slegið Guðjónu Breiðfjörð, og sá ákærði að hún strauk eyrað eins og hún myndi til í því.

Vitnið Guðmundur Helgi Önundarson hefur skýrt frá því að hann hafi verið staddur í eldhúsi bústaðarins ásamt Ómari Óskarssyni þegar hann sá ákærða, sem var áberandi ölvaður, fara á salernið. Nokkru síðar hafi Guðjóna Breiðfjörð ætlað á salernið og þurfti hún að bíða fyrir utan eftir að það losnaði. Þegar ákærði hafi komið út hafi hann fyrirvaralaust og án tilefnis slegið hana með krepptum hnefa á eyrað. Ákærði hafi svo gengið rakleiðis að Gunnari Frans Brynjarssyni, sem sat á borðstofuborðinu, og slegið hann án tilefnis í andlitið. Gunnar Frans hafi fallið aftur fyrir sig ofan af borðinu.

Vitnið Margrét Erla Halldórsdóttir hefur skýrt frá því að hún hafi setið í stofu sumarbústaðarins þegar ákærði gekk rakleiðis að Gunnari Frans Brynjarssyni, sem sat á borðstofuborði, og sló hann tilefnislaust hnefahögg á augað. Hafi Gunnar Frans fallið aftur á bak á gólfið. Flestir þeirra sem í bústaðinum voru hafi verið vel undir áhrifum áfengis.

Vitnið kveðst hafa farið fram á salerni eftir þetta og hafi Guðjóna stadið þar og haldið um eyrað og sagt að ákærði hafi slegið sig.

Ákærði kvaðst hjá lögreglu hafa verið ölvaður, þegar hann hafði viðdvöl í Klapparvör 6, en þó muna samfelld eftir því sem þar gerðist. Kvaðst hann ekki muna eftir að hafa slegið nokkurn þar og kvaðst reyndar vera fullviss um að hann hafi ekki gert það. Ákærði kvaðst vera rólyndur að eðlisfari og auk þess hefði hann ekki fundið til neinna eymsla í hendinni eftir nóttina, eins og líklegt væri, hefði hann slegið einhvorn.

Aftur á móti kveðst ákærði ekki sjá neina ástæðu fyrir því að verið sé að bera hann röngum sökum.

Hér fyrir dómi kvaðst ákærði hafa verið mjög drukkinn í umrætt sinn. Hann minnti þó að á meðan hann var inni á salerninu hafi fólk knúið þar hurð og haft orð á að honum dveldist þar. Þegar hann hafi opnað hafi verið 12 manns fyrir framan dyrnar. Ekki kvaðst ákærði hafa áreitt fólk neitt. Eftir þetta mundi hann ekkert og kvaðst hvorki geta játað né neitað að hafa slegið Gunnar Frans Brynjarsson.

Vitnið Ómar Óskarsson hefur skýrt frá því að hann hafi ekki orðið var við nein átök í Klapparvör 6. Hann hafi brugðið sér upp á loft í bústaðnum til þess að þrifa upp ælu, og þegar hann hafi komið niður aftur hafi andrúmsloftið verið breytt og hafi húsráðendur vísað þeim þremur út. Kveðst vitnið hafa álitnið að það væri út af ælunni. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt neitt um það að ákærði hefði slegið nokkurn fyrr en daginn eftir.

Vitnið Skúli Sigurðsson hefur skýrt frá því að hann hafi aldrei orðið var við að ákærði slægi nokkurn mann og ekki að nein átök yrðu í bústaðinum

um nóttina. Hann kveðst þá skyndilaga hafa heyrt hávaða og séð að ákærði og Ómar voru á förum út úr bústaðinum. Vitnið segir að engan þeirra þriggja hefði mátt telja ofurólvi svo að þeir myndu ekki atburði næturinnar, nema þá helst ákærða.

Daginn eftir hafi stúlkurnar komið og sagt að Benedikt hefði slegið mann í bústaðinum.

Stefán Eggertsson læknir rannsakaði heyrn Guðjónu Breiðfjörð. Í vottorði hans, dagsettu 12. febrúar 1986, segir:

„Stúlka þessi var send til mín af heimilislækni þann 23. janúar s.l. Kvaðst hún hafa verið slegin á vinstra eyrað Hvítasunnuhelgi 1985. Hún hafði í tvo sólarhringa suð og hellu fyrir eyranu og jafnframt minnkaða heyrn. Þetta lagaðist, en hefur síðan verið með eymslatilfinningu bak við eyrað.

Við rannsókn kemur í ljós væg heyrnarskerðing á vi. eyra, bundið við 6 og 8000 hertz. Er næsta öruggt að þessi heyrnarskerðing er af völdum ofangreinds áverka og má reikna með að þetta verði varanlegt.“

Gunnar Frans Brynjarsson leitaði til háls-, nef- og eyrnadeildar Borgarspítalans með meiðsli sín. Í vottorði Einars Thoroddsens læknis dagsettu 2. maí 1986, segir:

„Að morgni 27.05.85 fékk Gunnar Brynjarsson högg á andlitið og því fylgdi dofi undir hægri auga og mikið glóðarauga. Hann fékk tvísýni samdægurs, en það lagaðist daginn eftir.

Röntgenmynd sýndi sprungu í gegnum beinið við neðri augabrún án þess að um röskun væri að ræða. Við skoðun þann 31.05. var engin tvísýni, en hann var ennþá dofinn á hægri kinn og uppá nef hægri megin.“

Með framburði vitna, einkum Guðjónu Breiðfjörð og Guðmundar Helga Önundarsonar, í málinu, sem nýtur stuðnings af vottorði Stefáns Eggertssonar læknis, verður að telja sannað þrátt fyrir neitun ákærða að hann hafi slegið Guðjónu eins og lýst er í ákæru og með þeim afleiðingum sem þar greinir.

Þá er á sama hátt sannað með framburði vitnanna Gunnars Frans Brynjarssonar og Margrétar Erlu Halldórsdóttur, sem nýtur stuðnings af vottorði Einars Thoroddsen læknis, sem ákærði hefur ekki véfengt, að hann hafi slegið Gunnar Frans eins og segir í ákæru og með þeim afleiðingum sem þar greinir.

Verknaðir ákærða þykja báðir varða við 218. gr. almennra hegningarlaga. Líkamstjón Guðjónu þykja vera þess eðlis að það hljóti að eiga undir 2. mgr. þeirrar greinar en áverkni Gunnars Frans þykir eiga undir 1. mgr. þeirrar greinar eins og segir í ákæru. Þykir því verða að sakfella ákærða fyrir brot gegn báðum þessum ákvæðum, enda þótt honum verði ekki refsað frekar en refsímörk hins vægari ákvæðis leyfa, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála.

Gunnar Frans Brynjarsson hefur gert kröfu um að ákærði greiði sér 25.000 krónur í miskabætur. Kröfu þessari þykir vera stillt í hóf og ber að taka hana til greina að fullu.

Guðjóna Breiðfjörð hefur ekki gert bótakröfu.

Ákærði hefur ekki gerst sekur um önnur brot en að árið 1977 var hann sektaður fyrir ölvunarakstur.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar og að hún falli niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða Gunnari Frans Brynjarssyni 25.000 krónur í skaðabætur.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til Guðnýjar Höskuldsdóttur héraðsdómslögmanns, 16.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Benedikt Halldórsson, sæti fangelsi í 6 mánuði. Fullnustu refsingarinnar ber að fresta og fellur hún niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði Gunnari Frans Brynjarssyni 25.000 krónur í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun tilskipaðs verjanda, Guðnýjar Höskuldsdóttur, héraðsdómslögmanns, 16.000 krónur.
